

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 152/2018

2021/EES/13/30

frá 6. júlí 2018

**um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og
upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/61/ESB frá 15. maí 2014 um ráðstafanir til að lækka kostnað við uppbyggingu á háhraða rafrænum fjarskiptanetum ⁽¹⁾.
- 2) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 5czm (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/687) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„5czn. **32014 L 0061**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/61/ESB frá 15. maí 2014 um ráðstafanir til að lækka kostnað við uppbyggingu á háhraða rafrænum fjarskiptanetum (Stjtíð. ESB L 155, 23.5.2014, bls. 1).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2014/61/ESB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júlí 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júlí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 155, 23.5.2014, bls. 1.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.